

HUGRÚN RAGNARSDÓTTIR

## VAKNING OG HVATNING REYNSLA MÍN AF RAUNFÆRNIMATI



Huguína Ragnarsdóttir

Þegar Samband Íslenskra bankamanna auglýsti eftir þátttakendum í raunfærnimat sl. haust vaknaði strax hjá mér áhugi. Ég sótti um í snatri og var svo heppin að vera valin til þátttöku. Strax á fyrsta fundi, þar sem verkefnið var kynnt, varð mér ljóst að þetta var mun umfangsmeira en ég hafði talið í fyrstu. Engu að síður fannst mér það heillandi tilhugsun að geta kortlagt færni mína og þekkingu og fór þess vegna af krafti í það að safna saman þeim gögnum sem nauðsynleg voru til að staðfesta þá

kunnáttu og þekkingu sem ég bý yfir.

Vinnustundirnar, sem fóru í gerð raunfærnimöppunnar góðu, voru þó nokkuð margar. Það var erfiðast að byrja en svo léttist róðurinn eftir því sem á leið. Við hittum ráðgjafa bæði á hóp- og einkafundum og það var ómetanlegt. Ráðgjafarnir voru okkur innan handar í hvívetna og ef einhver strandaði var aðstoð innan seilingar.

Þegar ég hafði lokið gerð möppunnar og sá innihald hennar svart á hvítu var ég furðu lostin yfir þeirri reynslu og hæfni sem ég hafði sankað að mér í gegnum tíðina. Það er ekki svo að ég, frekar en aðrir, velti því mikið fyrir mér í dagsins önn hvað ég kann og get en skyndilega hafði ég góða yfirsýn yfir hæfni mína og hafði fengið hana staðfesta bæði frá yfirmanni og óháðum aðilum. Allt ferlið við raunfærnimatið var mikil sjálfskoðun sem styrkti sjálfsmynd mína verulega.

Núna finnst mér ég standa á tímamótum og finn fyrir mikilli hvatningu til að halda áfram á þeirri braut sem raunfærnimatið beindi mér inn á. Ég er á seinna ári í hagnýtu viðskipta- og fjármálagreinanámi, sem kennt er við Menntaskólann í Kópavogi, og hef fullan hug á að sækja um háskólanám næsta haust. Ég gæti hæglega átt 25 ár eftir af starfsævinni en það er meira en nægur tími til að sækja þá menntun sem hugurinn stendur til og afla sér frama á nýjum starfsvettvangi. Ég er nokkuð viss um að hefði raunfærnimatið ekki rekið á fjörur mínar væri ég

ekki að velta frekara námi fyrir mér. Eftir að hafa lokið matinu veit ég að ég bý yfir nægilegri hæfni til að láta drauma mína um háskólamenntun rætast.

Næstu árin er stefnan tekin á frekari starfsframa á núverandi vinnustað með fram fjárnámi í háskóla. Ég hef meira sjálfstraust en áður og á auðveldara með að ræða við yfirmenn um stöðubreytingar og launahækkanir og löngun mína til að þróast í starfi. Ég ber sjálf ábyrgð á eigin frama og starfsánægju og mun því vera vakandi yfir þeim stöðum sem losna og vekja áhuga minn. Jafnframt mun ég hafa augun opin fyrir nýjum atvinnutækifærum.

Ég hef þá von að raunfærnimat verði aðgengilegt fólki sem er í svipaðri stöðu og ég hvað nám og reynslu varðar. Fyrirtækin í landinu þurfa að hvetja starfsfólk sitt til að láta meta færni sína og í framhaldi af því að umbuna þeim sem sannanlega teljast hæfir til stöðu- og launahækkana. Ég vonast einnig til að stjórnvöld beri gæfu til að innleiða þennan kost inn í menntakerfið á þann hátt að fólk eigi auðvelt með að nálgast og sjái hag sinn í því að fá færni sína metna. Raunfærnimat þarf að vera raunhæfur möguleiki fyrir fólk til að ljúka námi á skemmri tíma en ella eða til að þróast í starfi. Að lokum vil ég þakka bæði Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og SÍB fyrir það ómetanlega tækifæri sem mér gafst við gerð raunfærnimöppunnar. Raunfærnimatið var mikil sjálfsefning og ég stend eftir mun sterkari einstaklingur.

### UM HÖFUNDINN

Huguína Ragnarsdóttir starfar sem þjónustufulltrúi við Höfðabakkaútibú Landsbankans. Hún tók þátt í verkefningu Gildi starfa, e: Value of work, á vegum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins s.l. vetur.